

VEFRIT DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTISINS



I. TBL. 4. ÁRG. FEBRÚAR 2009



979 veittur ríkisborgararéttur árið 2008


Alls fengu 979 einstaklingar íslenskt ríkisfang á árinu 2008, þar af voru 874 sem veittur var ríkisborgararéttur á grundvelli 7. gr. (áður 5. gr. a) í lögum nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt og 31 sem Alþingi veitti ríkisborgararétt samkvæmt 6. gr. sömu laga. Þá fengu 74 ríkisborgararétt samkvæmt öðrum greinum laganna.

Flestir þeirra sem fengu íslenskt ríkisfang skv. 6. og 7. gr. á síðasta ári voru pólskir ríkisborgarar, eða 166 talsins, 125 komu frá Filippseyjum og 106 frá Serbíu. Frá Taílandi kom 61 og 55 frá Víetnam. 37 Rússar fengu íslenskan ríkisborgararétt á árinu.

Flestir hinna nýju ríkisborgara eru á aldrinum 30-39 ára eða 287. Börn undir tíu ára aldri voru 160.

Af þeim 74 sem fengu ríkisfang samkvæmt öðrum greinum laganna má nefna 16 börn sem voru ættleidd af íslenskum foreldrum. Þá fengu 34 börn sem eiga íslenskan föður en erlenda móður og eru fædd erlendis ríkisborgararétt á árinu. Meðfylgjandi eru töflur með nánari upplýsingum um veitingu ríkisfangs á síðasta ári.

Sjá einnig upplýsingar um almenn skilyrði fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar o.fl. á [vef ráðuneytisins](#).



Einstaklingar sem fengu íslenskt ríkisfang árin 2004-2008 samkvæmt 7. grein laganna (áður 5. grein a) og 6. grein þeirra (Alþingi).

Fyrri ríkisfangsland

	7. gr.	6. gr.	
Alls	905	874	31
Pólland	166	165	1
Filippseyjar	125	122	3
Serbía	106	103	3
Taíland	61	58	3
Víetnam	55	55	–
Rússland	37	36	1
Ríkisfangslausir	26	26	–
Kína	23	21	2
Litháen	23	23	–
Bandaríkin	22	15	7
Marokkó	19	19	–
Úkraína	18	18	–
Bosnía-Hersegóvína	14	14	–
Rúmenía	11	11	–
Albanía	10	10	–
Tyrkland	10	10	–
Önnur lönd	179	168	11

Aldur

	7. gr.	6. gr.	
Alls	905	874	31
0–9 ára	160	157	3
10–19 ára	124	117	7
20–29 ára	119	113	6
30–39 ára	287	278	9
40–49 ára	154	151	3
50–59 ára	42	41	1
60 ára og eldri	19	17	2

